



Reykjavík
Borgarráð
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

12. september 2019

Efni: BORGARRÁÐ 29. ágúst 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rafmagnsstrætisvagna - R19080205

Fyrirspurn frá Flokki fólksins um rafmagnstrætó og hvernig reynslan hafi verið af þeim: Árið 2017 var sagt frá því að Strætó bs. hafi fjárfest í 9 hreinum rafstrætisvögnum frá kínverska framleiðandanum Yutong. „Hröð skref yrðu stigin í átt að rafvæðingu flotans sem spara myndi yfir 1.000 tonn af útblæstri gróðurhúsaloft tegunda strax á næsta ári. Segir einnig í þessari frétt frá 2017: Í júní næstkomandi mun Strætó bs. taka í notkun fyrstu fjóra rafmagnsvagnana af þeim níu sem fyrirtækið hefur fest kaup á úr verksmiðjum Yutong í Kína. Verða það fyrstu strætisvagnarnir hérlendis sem einvörðungu verða knúnir áfram af rafmagni. Vagnarnir sjást sjaldan í umferðinni og langar borgarfulltrúa Flokks fólksins að fá upplýsingar um hvernig reynslan hefur verið með þessa 9 rafmagnsvagna og hvort bílaflotinn sé ekki allur að rafvæðast?

Fjöldi rafvagna hjá Strætó eru 14 í dag. Fyrstu vagnarnir komu í apríl 2018 og síðustu í nóvember 2018. Reynsla Strætó af vögnunum er mjög góð og hefur náðst fram sparnaður í rekstri með notkun þeirra. Þetta eru vagnar sem nota „plugin“ hleðslutækni og er hleðslustöðvarnar í bækistöð Strætó. Hlaða þarf vagnana tvisvar á sólarhring og er akstur þeirra um 8000 til 10000 km á mánuði. Vagnarnir eru því í fullum rekstri eins og aðrir vagnar í flota Strætó. Áfram verður haldið að gera flotann umhverfisvænan eftir því sem fjármagn leyfir.

Virðingarfyllst,

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri